

Fundargerð stjórnar (16)

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjarfundur á Zoom miðvikudaginn 1. desember 2021 og hófst kl. 16:00 og lauk kl. 16:59
Fundinn sátu: Margrét Pála Ólafsdóttir, Matthías Matthíason, Margrét Theodórs, Svavar Halldórsson og Íris Helga Baldursdóttir
Jafnframt sat Bóas Hallgrímsson framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

1. Stjórn kynnir sig. Breytingar á stjórn, tveir stjórnarmeðlimir kvöddu eftir aðalfund og inn komu tveir nýir meðlimir í stjórn, Íris Helga og Svavar. Stjórnarmeðlimir kynntu sig og kynntust öðrum.
2. Framvinduskýrsla framkvæmdastjóra var kynnt fyrir stjórn, hana má finna undir gögnum fundar. Í kjölfar framvinduskýrslu fóru af stað umræður um ákveðin mál, þar á meðal „djúppreytu“ meðal starfsfólks, aukið álag vegna Covid-19 faraldurs og manneklu í skólastarfi. Upp kom svo hugmynd að setja inn tvo tíma í handleiðslu fyrir stjórnendum, þar sem öllum stjórnendum væri gert að sækja tvo tíma hjá fagaðila og gera í kjölfarið upp hug sinn um kosti þess.
3. Kosning stjórnarformanns. Margrét Pála bauð sig fram til formennsku í stjórn, stjórn var sammála um það að Margrét Pála tæki við formennsku.
4. Önnur mál, „Stóru málin“. Stjórnarmeðlimur sem er nýr inn í stjórn spurðist fyrir um það hver væru stóru málin á sjóndeildarhringnum. Farið var yfir það hvaða málaflokkar hefðu verið áberandi að undanfögnu.
 - Samningar við Reykjavíkurborg um framtíð skólustarfs Hjallastefnunnar í Öskjuhlíð
 - Endurnýjun samninga í Garðabæ
 - Endurnýjun samninga í Hafnarfirði
 - Fjárhagsáætlanir
 - Aðhlyning mannauðs Hjallastefnunnar.

Fundi slitið 16:59